

**67. afgreiðslufundur Skipulags- og byggingarfulltrúa Eyjafjarðar (SBE)
haldinn á skrifstofu SBE, Skólatröð 9, Hrafnagilshverfi, mánudaginn 19. febrúar
2024 og hófst hann kl. 14:30.**

Fundinn sátu:

Vigfús Björnsson og Jón Stefán Laxdal.

Fundargerð ritaði: Vigfús Björnsson, Byggingarfulltrúi.

Dagskrá:

1. Birkigrund - einbýlishús 2023 - 2311007

Benedikt Smári Ólafsson kt. 111164-5419, Seljahlíð 13D 603 Akureyri, sækir um byggingarleyfi vegna nýbyggingar 173,5 fm einbýlishúss á lóðinni Birkigrund í Eyjafjarðarsveit. Erindinu fylgja uppdrættir frá Svani Þór Brandssyni hjá SG húsum dags. 28. nóvember 2023.

Skipulags- og byggingarfulltrúi samþykkir erindið.

2. Hvammsvegur 1 - frístundahús 2024 - 2401006

Sigurður Þorgeir Karlsson kt. 270354-2979, Kjarnagata 29 600 Akureyri, sækir um byggingarheimild vegna nýbyggingar 67,7 fm frístundahúss á lóðinni Hvammsvegi 1 á Hjalteyri. Erindinu fylgja uppdrættir frá Haraldi Árnasyni dags. 10. nóvember 2023.

Skipulags- og byggingarfulltrúi samþykkir erindið.

3. Arnarnes - niðurrif útihúsa 2024 - 2402002

Norðurorka hf. kt. 550978-0169, Rangárvöllum 603 Akureyri, sækir um byggingarleyfi vegna niðurrifs og afskráningar eftirtalinna mannvirkja í Arnarnesi í Hörgársveit (fasteignarnúmer F2156820): hlaða (mhl 10), bogaskemma (mhl 11), geymsla (mhl 13) og fjárhús (mhl 14).

Skipulags- og byggingarfulltrúi samþykkir erindið.

4. Hrísar - afskráning fasteigna 2023 - 2311006

Pétur Skarphéðinsson kt. 130382-5339, Hrísum 621 Dalvík, sækir um afskráningu eftirtalinna fasteigna á bújörðinni Hrísum í Dalvíkurbyggð (fasteignarnúmer F2154562): bílskúr (mhl 02), véla/verkfærageymsla (mhl 03), svínahús (mhl 05), haughús (mhl 07), hlaða (mhl 09), hlaða (mhl 10).

Skipulags- og byggingarfulltrúi samþykkir erindið.

5. Ræktunarland - niðurrif kofa 2024 - 2402003

Atli Rafn Kristinsson kt. 070247-3999 Malarási 4 110 Reykjavík, sækir um byggingarleyfi vegna niðurrifs og afskráningar frístundahús sem stendur á landeigninni "Ræktunarland" í Dalvíkurbyggð. Fasteignarnúmer hússins er F2155427.

Skipulags- og byggingarfulltrúi samþykkir erindið.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:00

Vigfús Björnsson

Jón Stefán Laxdal